

Pieta samtökin, félagasamtök

Ársreikningur
2023

Pieta samtökin, félagasamtök
Baldursgötu 7
101 Reykjavík

Kt. 410416-0690

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Pieta er að veita aðgengilega þjónustu, fyrstu hjálp og meðferð til þeirra sem eru í sjálfsvígshættu og brú í úrræði fyrir aðra. Þjónustan er með öllu gjaldfrjál og stendur til boða öllum þeim sem hafa náð átján ára aldri. Pieta samtökin vinna einnig að því að efla þekkingu og skilning á sálrænum sársauka og sjálfsvígum. Samtökin vilja vera leiðandi í forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum á Íslandi.



Ársreikningur Pieta fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins á árinu 182,8 millj. kr. og afkoma ársins 0,6 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nam eigið fé als 138,2 millj. kr. Uppsöfnun handbærts fjár helgast af því að verið er að undirbúa og safna fyrir nýju húsnæði sem þörf verður á á næstu árum. Áfram verður unnið að því að efla reksturinn, þannig að hann standi ávallt undir sér.

Stjórn og framkvæmdastjóri Pieta hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. mars 2024

Í stjórn félagsins:



Arnar Lárusson
Gudlaug Ósk Grönbaldsdóttir

Framkvæmdastjóri:



Áritun endurskoðanda

Stjórn og félagsmenn í Pieta samtökum.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Pieta samtakanna („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hefur engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 11. mars 2024

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Tekjur			
Einstaklingar		128.016.151	138.862.229
Opinberir aðilar		29.283.334	29.409.828
Fyrirtæki		25.501.877	36.378.178
	2	182.801.362	204.650.235
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld ásamt aðkeyptum viðtölum	4	152.679.142	146.112.861
Kostnaður v. öflunar styrktarþega		16.539.682	3.701.052
Rekstur skrifstofu		11.037.284	11.481.661
Rekstur húsnæðis		3.970.611	5.841.458
Ferðakostnaður		574.878	952.102
Kynningar og auglýsingar		5.124.980	2.130.156
		189.926.577	170.219.290
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(7.125.215)	34.430.945
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		8.295.473	1.340.104
Vaxtagjöld	(584.568)	(62.753)
		7.710.905	1.277.351
Hagnaður ársins	6	585.690	35.708.296

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Aðrar skammtímakröfur	5	4.571.056	19.103
Handbært fé	3	139.428.761	144.617.934
Veltufjármunir samtals		<u>143.999.817</u>	<u>144.637.037</u>
Eignir samtals		<u>143.999.817</u>	<u>144.637.037</u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		<u>138.174.846</u>	<u>137.589.156</u>
Eigið fé samtals	6	<u>138.174.846</u>	<u>137.589.156</u>
Skuldir			
Aðrar skammtímaskuldir		<u>5.824.971</u>	<u>7.047.881</u>
Skuldir samtals		<u>5.824.971</u>	<u>7.047.881</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>143.999.817</u>	<u>144.637.037</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	6	585.690	35.708.296
Veltufé frá rekstri		<u>585.690</u>	<u>35.708.296</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(4.551.953)	870
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(1.222.910)	1.776.775
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(<u>5.774.863)</u>	<u>1.777.645</u>
Handbært fé frá rekstri	(<u>5.189.173)</u>	<u>37.485.941</u>
Hækkun á handbæru fé á árinu	(<u>5.189.173)</u>	<u>37.485.941</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>144.617.934</u>	<u>107.131.993</u>
Handbært fé í árslok	3	<u><u>139.428.761</u></u>	<u><u>144.617.934</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir viðurkenndum reikningsskilaaðferðum líkt og í fyrra.

2. Innlausn tekna

Styrkir og framlög einstaklinga eru færðar til tekna við móttökugreiðslu. Tekjur eru ekki færðar ef verulegur vafi leikur á innheimtanleika þeirra.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig	2023	2022
Laun	79.928.025	82.798.144
Mótframlag í lífeyrissjóð	10.566.311	10.607.306
Launatengd gjöld	7.108.216	7.295.088
Aðkeypt viðtöl/þjónusta	54.875.252	44.941.067
Annar starfsmannakostnaður	201.338	471.256
Laun og launatengd gjöld samtals	152.679.142	146.112.861

5. Skammtímaskröfur

Viðskiptakröfur	2.215.000	0
Fyrirfram greiddur kostnaður v. Símasólu	2.085.632	0
Aðrar skammtímaskröfur	270.424	19.103
	4.571.056	19.103

6. Eigið fé

Eiginfjárreikningur greinist þannig:

Yfirfært frá fyrra ári	137.589.156	101.880.860
Hagnaður ársins	585.690	35.708.296
Eigið fé í árslok	138.174.846	137.589.156